

Frelsun kvenna og kynandskotar

Að áliðinni annarri bylgju kvenfrelsunar settust frelsararnir á herkænskurökstóla.

Kosningaréttur var í höfn og flaumur kvenna lá út á vinnumarkað og í skóla. Hverju skyldi nú berjast fyrir? Upplausn fjölskyldunnar með karlinn að skotspóni? Hann var kynferðislegt óargadýr, sem engu eirði, ekki einu sinni smávöxnum dætrum sínum, sem beygja skyldi undir feðraveldið og þvinga inn í kynhlutverkið: „í kynferðisleg misnotkun stúlkubarna felst þjálfun og undirbúningur fyrir verðandi eiginkonur og mæður...“ (Florence Rush (1918-2008)) Catharine MacKinnon (f. 1946) útfærði orð kynsystur sinnar nánar: „Undirstaða kvenfrelsunar er trúin á frásagnir kvenna af kynferðislegri notkun og misnotkun karla.“

Lausnarorðið kom frá Gloria Steinem (f. 1934): „Við verðum að afnema bannsett (fucking) feðraveldið. Afnáam auðvaldsins er hégómi fyrir okkur.“ Þannig upphófust samfarir auðvalds og kvenfrelsunar. Kvenfrelsurum var ríkulega launað og fjárfesting auðjöfranna – og smám saman allra iðnríkja Vesturálfu – reyndist arðbær. Vinnuaflið lækkaði í verði og markaðir stækkuðu.

Á undraskömmum tíma tókst kvenfrelsurum einnig að ná hreðjatakni á fyrirmönnum og forsetum (Bill Clinton þó sérstaklega). Baráttukonurnar tóku karla í bólinu og keyrðu í gegnum þjóðþing og alþjóðastofnanir lög, sem kváðu á um allra handa ívilnanir handa konum. Það var skrifað í stein: „Konur eru fórnarlömb.“ Orrahriðin gegn „eðli“ karla og „föðurveldi“ var nú hafin, fjármögnuð að mestu leyti af auðjöfrum og smám saman af skattgreiðendum – körlum fyrst og fremst. Ríkiskvenfrelsun sá dagsins ljós.

Fyrirverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna Norður-Ameríku (BNA), Madeleine Albright (f. 1937) hvatti kynsysturnar áfram á sinn sérstaka hátt: „Það er til ákveðinn kими í helvíti fyrir konur, sem ekki leggja lið kynsysturum sínum,“ hvíslaði hún eyra þeirra. Fræðamóðir þeirra og kyndilberi „Simone de Beauvoir (1908-1986),“ staðhæfði einfaldlega: „Konur eru miskunnarlausar í garð kynsystra sinna.“

Öflugir hugmyndafræðingar undirbjuggu sem óðast herförina gegn körlum. Þeir voru ýmist taldir, nema hvort tveggja væri, kven- og barnaníðingar. Andrea Dworkin (1946-2005), sagði: „Hjónabandið á upptök sín í raðnauðgun [kvenna]. ... „Samræði fólks af gagnstæðu kyn felur í sér hreina og beina (formalized) fyrirlitningu á kvenlíkamanum. ... Sonur sérhvarrar konu í feðraveldinu situr hugsanlega á svikráðum við móður sína. Hann er óhjákvæmilega nauðgari eða kúgari annarra kvenna.“

Mary Daly (1928-2010) sagði: „Með þá viðurkenningu í huga, að reðurveldið hafi með goðsögum sínum og stofnunum unnið umtalsverð skemmdarverk á vitundinni, munum við halda uppteknum hætti og útnefna föðurveldið sem öfuguggaviðmið [um samfélag], og uppsprettu annarrar félagslegrar illsku.“

Catherine MacKinnon segir: „Að mínum dómi er ævinlega um nauðgun að ræða, eigi kona kynlíf og þyki sér misboðið. [S]amfarir gagnkynhneigðra er nauðgun, þar eð konur almennt hafa ekki nægan styrk til að gefa merkingarbært samþykki [til þess arna].“

Drífa Snædal (f. 1973), segir: „Kynbundið ofbeldi er ofbeldi sem karlar beita konur og staðfestir aldagamalt valdamisvægi kynjanna. ... Þannig hefur sameiginlega forsjáin [þ.e. forsjá barna] gefið ofbeldismönnum enn eitt tæki í hendurnar til að stjórna lífi kvenna og barna, en yfirleitt eru þau stjórnþæki sem tiltæk eru, notuð til að halda valdayfirráðum.“

Kynbundið ofbeldi er svo umfangsmikið vandamál að fullkomlega óábyrgt er að líta fram hjá því við lagasetningu eins og varðandi sameiginlega forsjá. ... Að líta fram hjá ofbeldi karls gegn konu inni á heimilinu er því að líta fram hjá ofbeldi gegn börnum.“

Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, segir: „Veruleiki kvenna er þessi. Kynbundið ofbeldi ógnar lífi þeirra og heilsu. ... Vondi karlinn á sér enga eina birtingarmynd, hann er alls staðar og hvergi og þú veist aldrei hvort eða hvenær þú mætir honum. Stundum þekkir þú hann bara af góðu einu þar til hann snýst gegn þér. Stundum laðar hann þig til sín og brýtur á þér.“

Susan Brownmiller (f. 1935) segir: „Nauðgun er hvorki meira né minna en ásetningsógn; að halda konum í stöðugri skelfingu.“

Það sætir varla undrum, að kvenfrelsarar hafi beint spjótum sínum að slíkum andskota í mannsmynd, sem ofangreindar heiðurskonur draga upp. Áróður kvenfrelsaranna reið nú eins og flóðbylgja yfir vestræn iðnríki. En í áróðri felst „boðun hugmynda, upplýsinga eða söguburðar í þeim tilgangi að aðstoða eða baka tjón stofnun, málstaði eða einstaklingi. [Um er að ræða] hugmyndir, staðreyndir, [dylgjur] eða ásakanir, boðaðar í þeim [eina] ásetningi að efla eigin málstað ellegar skaða andstæðan slíkan. [Áróður] merkir einnig opinbera aðgerð, sem slík áhrif hefur.“ (Orðabók Merriam-Webster.)

Kvenfrelsarar hafa leitast við að glæða lífi augljósa fásinnu, bábiljur, tröllu- og goðsögur, með fræðum og vísindum, sem iðulega hafa verið villuljós. „Kvenfrelsarar hafa verið óvandaðir að virðingu sinni í því, er lýtur að staðreyndum,“ segja hagfræðingarnir, Diana Furchtgott Roth og Christine Elba, í bók sinni „Kvenfrelsunarkreppunni.“ (The Feminist Paradox.)

Kanadíski sálfræðingurinn, Steven Pinker, tekur í sama streng: „Kvenfrelsunarbarátta fyrir jafnrétti í stjórnálalegu og félagslegu tilliti er mikilvæg, en kvenfrelsunarfræðaklíkur á háskólastigi, sem einbeita sér að furðukennisetningum, eru það ekki. ... [því] kynjakvenfrelsun steytir gegn vísindunum. ... [Kvenfrelsararnir] berjast með kjafti og klóm gegn rannsóknum á kynferði og mismuni kynjanna. ... [Það er] meginástæðan fyrir því, að heiftúðlega er spyrnt gegn beitingu vitneskju um þróun, erfðafræði og taugafræði, í umræðu um mannshugann.“

Norður-ameríski félagsfræðingurinn, Steven Goldberg (f. 1941), sagði þegar árið 1973, þegar áróðurherferð þriðju bylgju kvenfrelsunar, hafði verið ýtt úr vör: „Það er blekking, þegar kvenfrelsarar í nafni fræðilegra rannsókna, eru svo fúsir til að upphugsa staðreyndir, hafna þeim eða taka til sín eftir því, hvernig [staðreyndirnar] höfða til tilfinninga þeirra.“

Kvenfrelsararnir hafa lagt ofuráherslu á að telja stjórnálamönnum og landslýði trú um, að konur væru fórnarlömb karla. „Kvenfrelsarar hafa víða komið við með boðskap sinn. Hér um bil allir skólar og vinnustaðir ... kynna kúgunarguðspjall kvenfrelsaranna, þeim, sem hugljómunar er vant. ... Það stappar nærri guðlasti í margra augum að láta að því liggja, að konur séu ekki kúgaðar. ... Við búum í samfélagi, sem hefur tekið sjálfkunngerð fórnarlömb í dýrðlingatölu.“ (Diana Furchtgott-Roth og Christine Elba)

Kvenverndarlöggjöf gekk í endurnýjun lífdaganna ýmist grímulaus eða undir yfirskini jafnréttis, þar sem bókstafur og andi laganna var að mestu leyti kvenhollur. Varla þarf að fjölyrða um túlkun þeirra og dóma. Þar er konum undantekningarlítið gert hærra undir höfði. Kvenverndarlöggjöf á langa sögu að baki og sprettur vitaskuld úr gildandi siðum og viðmiðum hinna ýmsu ættflokka og þjóða. Konur voru verndaðar og þeim hlíft, eftir föngum.

Hollensk-ísraelski sagnfræðingurinn Martin van Creveld (f. 1946) hefur eitt og annað um málið að segja í bók sinni „Forréttindakynið“ (Das Bevorzugte Geschlecht): Hann nefnir m.a. Salic-lögin á fransk-germanska menningarsvæðinu sem dæmi, samin af belgísk-franska kónginum Chlodovech eða Clovis (d. 511): Samkvæmt þeim var karli refsað fyrir að snerta frjálsa konu með fingri. Hindraði karlmaður för konu eða sló, var sektin þrisvar sinnum hærri. Sekta mátti karlmann fyrir samræði í meinum við frjálsa stúlku, jafnvel þótt með samþykkti hennar væri. Skaðabætur (vergjöld) fyrir konu voru almennt margfalt hærri, heldur en fyrir karl í sömu stöðu. Andi og bókstafur þessara lifði góðu lífi á miðöldum. T.d. var karlmönnum, sem áreittu konur, bannað að taka þátt í burtreiðum.

Í Aþenu til forna var ekki hikað við að dæma karla til dauða fyrir hjúskaparbrot. Eiginkonur voru þó ekki gerðar höfðinu styttri. Á lýðveldistíma Rómar var eiginkarli heimilt að ganga af eljara sínum dauðum, en eiginkonuna mátti hann ekki snerta. (Líklega hefðu þó fæstir þeirra barið sér á brjóst, þegar kerlur þeirra læddust á þeirra kostnað til að kaupa sér drátt hjá skylmingaþrælunum.)

Í drottnunartíð Konstantíns mikla (272-337) kváðu lög á um hærri sekt fyrir hórkarla, heldur en hórkerlingar. Vær hórkarlinn hins vegar blankur, var hann limlestur. Konan slapp við slíka refsingu – nem hún væri nunna.

Óskráð lög frá öndverðu og nær öll skráð lög allar götur síðan hafa kveðið á um sérstaka vernd og réttindi kvenna umfram karla. Slík löggjöf hefur gengið í endurnýjun lífdaganna fyrir tilstilli áróðurs kvenfrelsaranna, ýmist grímuklædd sem jafnréttislöggjöf eða ódulin sérréttindalöggjöf. Eitt dæmi um þetta eru „Lög gegn ofbeldi í garð kvenna“ (Violence against women Act) í BNA.

Kvenfrelsarinn, Leslie R. Wolfe (1943-2017), segir um þau lög: „Hér er eiginlega ný löggjöf um borgaraleg réttindi (civil law), sem konur geta beitt til að lögsækja árásarmenn fyrir að brjóta á borgaralegum réttindum sínum. ... Þau lýsa í hve stóru umfangi glæpir gegn konum ... hatur, kvenfyrirlitning, stjórnun og drottun, [glæpir] sem allir eru til þess ... fallnir að halda öllum konum í skelfingu.“

Í Bandaríkjunum Norður-Ameríku (BNA) varð ofangreind herferð gegn körlum nánast að helför eða ofsóknum. Norður-ameríski blaðamaðurinn, Adriana Cohen, orðar það svo: „Það ríkja hleypidómar í garð karla í mennta- og heilbrigðiskerfi, á vinnustöðum, í dægurmenningu og jafnvel í fjölskyldum samtímans. [Hleypidómararnir] gera sér far um að auðmýkja og vanvirða venjulega, heilbrigða karla og drengi, hér um bil hvarvetna á vettvangi mannlífsins. Þegar allt kemur til alls [er markmiðið] að ræna þá karlmenskunni. Þetta skal þakka róttæklingum og kvenfrelsurum. Undir gunnfána áratuga langrar og sigursællar baráttu fyrir kvenréttindum og „kvenjafnrétti“ hafa þeir samtímis háð heilagt stríð gegn körlum.“

Ofsóknir þessar urðu t.d. norður-ameríska blaðamanninum, Dorothy Rabinowitz, að rannsóknarefni. Hún hlaut hin virtu Pulitzer verðlaun fyrir gagnrýna umfjöllun sína. Skömmu eftir síðustu aldamót gaf hún út bók um rannsóknir sínar; „Grimmasta gerræðið. Ásakanir, ljúgvitni og önnur ódæðisverk á okkar méli“ (No Crueler Tyrannies. Accusation, False Witness, And Other Terrors of Our Times).

Titil bókarinnar sækir Dorothy til orða franska stjórnvitringsins og dómarans, Charles-Louis de Secondat, Baron de La Bréde et de Montesquieu (1689-1755). Honum féllu svo orð:

„Ekkert gerræði er grimmara því, sem fram fer undir hlífiskildi laganna og í nafni réttvísinnar.“

Í bók sinni rekur nefnd Dorothy gang fjölmargra réttarhalda þar sem réttarfarsofsóknir gegn körlum, ásakaðir um kynferðisleg ódæði gegn konum, hafa átt sér stað. Eitt hinna kunnari eru réttarhöldin yfir kvenlækninum, Patrick Griffin, þar sem rannsókn var í höndum Linda Fairsein, saksóknari var Bridget Flemming og dómari Marcy Kahn.

Patrekur var ákærður fyrir að sleikja kynfæri hálf fimmtugrar konu, meðan hann í dagsins önn framkvæmdi á henni ristilspeglun á læknisstofu sinni. Kynfæri hennar voru saurmenguð, sökum ófullnægjandi þarmhreinsunar. Hún hafði viljað fá lækninn til að votta líkamlegan og andlega skaða, sem hún hafði hlotið af því að hafa misst húsnæði sitt vegna vangoldinnar húsaleigu. Ákærvaldið auglýsti í fjölmiðum eftir fleiri ávirðingum. Og þær bárust vitaskuld.

Það var alkunna, að umræddur læknir starfaði á mannúðargrundvelli og setti þóknun aldrei sem skilyrði fyrir þjónustu við sjúklinga. Glæpur hans þótti einstaklega hræðilegur, þar sem „gefið sig út fyrir að vera verndari og læknandi,“ segir í dómsorði. Glæpur hans einkennist því af „[t]rúnaðarbroti og heigullegu ofbeldi.“ – „Hann lifði í þeirri trú að það mætti ganga á skjön við reglurnar, að hann gæti tekið upp á hverju einu [sem honum dytti í hug].“ Dómarinn, Marcy, staðhæfði ennfremur, að „[s]aurgun persónuhelgi annars manns,“ gæti haft í för með sér ævilangar pínslir. Það eru mörg mál þessu áþekkt í nágrannalöndunum einnig. Stríðið gegn körlum tekur á sig margvíslegar myndir.

Norður-ameríski blaðamaðurinn, Adriana Cohen, segir um þetta og nýjustu herförina, „ég-líka (mee-too): „Stríðið gegn körlum hefur einnig sett mark sitt á réttar- og dómskerfi Bandaríkja Norður-Ameríku. Ég-líka-hreyfingin (me-too) ræðst til atlögu við réttarreglurnar. Þess er krafist að lagður sé trúnaður á ákærur um kynferðislegt ofbeldi karla gegn konum, án lögmætrar rannsóknar. Í stað þeirrar grundvallarréttarreglu, að sakborningur sé álitinn saklaus, uns færð er sönnun á sekt hans, rétta og dæma voldugar konur og kvenfrelsarar yfir karlmönnum í dómstóli götunnar – vinnustaðarins og æðri menntastofnanna – án þess að kanna til þaula staðreyndir og gögn málsins.“

Sumum konum blöskrar: Kvenfrelsarinn, Doris May Lessing (1919-2013), Nóbelsverðlaunahafi í bókmenntum, lét hafa eftir sér: „Venjulega eru það heimskustu og fávísustu konurnar, sem ata auri hina háttvísustu og gáfuðu karla.“

Norður-ameríski bókmenntafræðingurinn, kvenfrelsarinn Daphne Patai (f. 1943), segir: „Sum okkar geta ekki lengur fagnað kvenfrelsunarsigrunum. Þess í stað ættum við að syrgja, þar eð af þeim stafar ógn við borgaraleg réttindi, einstaklingsfrelsi, virðingu kvenna og karla, og réttmæti kvenfrelsunar í sjálfri sér.“

Þýðingar eru höfundar.